

Frekari dýpkun innsiglingar Þorlákshafnar

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 28. maí 2026 barst Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun (HMS) tilkynning frá Vegagerðinni, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Hafnarframkvæmdir falla undir töluliði 10.09 og 10.10 í 1. viðauka laga nr. 111/2021 og fellur fyrirhuguð breyting á framkvæmd undir tölulið 13.02 í 1. viðauka.

Dýpkun innsiglingar Þorlákshafnar hefur áður hlotið málsmeðferð á grundvelli laga nr. 106/2000 sem endaði með ákvörðun Skipulagsstofnunar, dags. 13. mars 2019, um að framkvæmdin skyldi ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Á grundvelli 4. mgr. 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana leitaði HMS ekki umsagna um fyrirhugaða breytingu þar sem fyrirbyggjandi gögn voru talin fullnægjandi til að taka ákvörðun um matsskyldu breytingarinnar.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til HMS: Tilkynning um breytingu á framkvæmd, Vegagerðin 28. maí 2026.

Fylgiskjöl með tilkynningu:

- Hafnarkort og kort af losunarsvæði.
- Kort af fyrri dýpkunarsvæðum 1982-2023.
- Niðurstöður rannsóknar á kornastærðum.
- Kort af sýnatökustöðum og dýpkunarsvæði.
- Ákvörðun Skipulagsstofnunar, dags. 13. mars 2019.

Fyrirliggjandi gögn úr fyrri málsmeðferð:

- Þorlákshöfn, dýpkun innsiglingar. Fyrirspurn um matsskyldu, Vegagerðin, desember 2018.
- Umsögn Sveitarfélagsins Ölfuss, dags. 12. febrúar 2019.
- Umsögn Hafrannsóknastofnunar, dags. 8. febrúar 2019.
- Umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, dags. 7. febrúar 2019.
- Umsögn Minjastofnunar Íslands, dags. 6. febrúar 2019.
- Umsögn Umhverfisstofnunar, dags. 18. febrúar 2019.

Önnur fyrirliggjandi gögn:

- Umsögn Hafrannsóknastofnunar vegna umsóknar um varp í hafið, dags. 18. desember 2025.
- Umsögn Hafrannsóknastofnunar vegna umsóknar um varp í hafið, dags. 11. maí 2023.
- Umsögn Hafrannsóknastofnunar vegna umsóknar um varp í hafið, dags. 9. apríl 2019.
- Leyfi Umhverfisstofnunar til varps í hafið, dags. 17. maí 2023.
- Leyfi Umhverfisstofnunar til varps í hafið, dags. 15. apríl 2019.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í að dýpka innsiglingu Þorlákshafnar meira en upphaflega var gert ráð fyrir, sbr. matsskyldufyrirspurn frá árinu 2019. Áður var gert ráð fyrir að dýpkað yrði í -9,5 m en nú er áformað að dýpka að mestu í -10,5 m. Dýpkunin mun að mestu fara fram á sama svæði og áður en svæðið mun þó verða stærra en áður.

Gert er ráð fyrir að fjarlægja um 140.000 m³ af efni af botni sem er sambærilegt magn og hefur verið fjarlægt síðan 2019. Efni verður losað á sama losunarstað og áður en hann er í um 1,5 sjómílar suðaustur af höfninni.

4 Umhverfisáhrif

Á grundvelli ákvörðunar Skipulagsstofnunar frá 2019 hefur í tvígang verið veitt leyfi fyrir varpi í hafið á sama losunarstað og til stendur að nota vegna frekari dýpkunar. Við afgreiðslu framangreindra leyfa var aflað umsagnar Hafrannsóknastofnunar.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar frá 2023 segir m.a. ítarleg greining á botndýralífi hafi farið fram á losunarsvæðinu árið 2006. Sú rannsókn bendi til þess að á svæðinu væri finnr sandur og að dýralíf einkenndist af algengum tegundum sem almennt séu talðar þolnar fyrir sveiflum í umhverfi. Þá liggi fyrir mælingar á þungmálmum og þrávirkum efnum frá Þorlákshafnarhöfn frá árinu 2001 og bendi þau gögn ekki til neinnar mengunar. Að mati Hafrannsóknastofnunar sé ólíklegt að breytingar hafi verið á botnlífriki á svæðinu á þann hátt að auknar líkur séu á neikvæðum áhrifum af losun efnis. Stofnunin vekur þó athygli á að mælingar á þungmálmum og þrávirkum efnum séu yfir 20 ára gamlar og að aðstæður gætu hafa breyst. Í umsögninni áréttar Hafrannsóknastofnun að gæta þurfi fyllstu varúðar við efnislosun svo hún hafi ekki neikvæð áhrif á nærliggjandi sellátur, sérstaklega þegar selir kæpa í maí og júní.

Vegagerðin sótti um leyfi til varps í hafið í tengslum við þá dýpkun sem ákvörðun þessi tekur til. Fyrir liggur umsögn Hafrannsóknastofnunar, dags. 18. desember 2025, um áformin. Í umsögninni segir m.a. að erindinu hafi fylgt gögn um botndýralíf svæðisins sem varpið mun fara fram á, upplýsingar um efnainnihald efnis, upplýsingar um fyrri losunarframkvæmdir, og uppdrættir af svæðinu. Þá segir að á losunarsvæðinu sé sandur og talverð hreyfing á sandi og öðru setefni á botni vegna hafstrauma. Hafrannsóknastofnun telur að losun efnisins í samræmi við framkvæmdalýsingu muni ekki hafa teljandi neikvæð áhrif á umhverfi og vistkerfi svæðisins. Jafnframt mun framkvæmdin ekki hafa áhrif á umhverfismarkmið vatnshlotsins um gott vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand. Hafrannsóknastofnun gerir ekki athugasemd við fyrirhugaða framkvæmd.

5 Skipulag og leyfi

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Sveitarfélagsins Ölfuss samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig leyfi Umhverfis- og orkustofnunar samkvæmt lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda.

6 Niðurstaða

Um er að ræða frekari dýpkun á innsiglingu Þorlákshafnarhafnar og varpi á dýpkunarefni í hafið. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 13.02 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, samlegðar með öðrum framkvæmdum, nýtingar náttúruauðlinda, úrgangsmýndunar, mengun, ónæði, hættu á stórslysum og/eða náttúruhamförum sem varða framkvæmdina og hættu fyrir heilbrigði manna sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, magns og getu náttúruauðlinda til endurnýjunar, verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd, vegna fornleifa eða á grundvelli alþjóðlegra samninga sem Ísland er bundið af. Einnig ber að líta til álagsþols náttúrunnar, svo sem með tilliti til votlendissvæða, sérstæðra jarðmyndana, landslagsheilda og kjörlendis dýra sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi gerðar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem með tilliti til umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjarlíkur séu á áhrifum, væntanlegs upphafs, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa, samlegðaráhrifa með áhrifum annarra framkvæmda og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Fyrirhuguð framkvæmd felur í sér að talsvert efni verður fjarlægð af botni og varpað í hafið. Áhrifasvæði framkvæmdarinnar er afmarkað og áhrif staðbundin. Um er að ræða einfalda framkvæmd sem felst í því að dæla sandi upp úr innsiglingu hafnar og þegar skipið er fulllestað er siglt á losunarstað og dýpkunarefni losað úr skipinu.

Fyrirhuguð dýpkun innsiglingar fer fram á svæði sem að mestu hefur verið raskað vegna fyrri dýpkunarframkvæmda. Dýpkunarsvæðið er staðsett í mynni hafnarinnar og telur HMS að litlar líkur séu á að dýpkunarefnið innihaldi þungmálma eða önnur mengunarefni yfir viðmiðunarmörkum sökum fjarlægðar frá hafnarbökkum og fyrri efnistöku.

Fyrirhugaður efnislosunarstaður hefur verið notaður vegna fyrri dýpkunarframkvæmda en á svæðinu er sandur og er talsverð hreyfing á efni á botni vegna hafstrauma. Með vísan til fyrirbyggjandi umsagnar Hafrannsóknastofnunar vegna umsóknar um varp í hafið telur HMS að losun dýpkunarefnis í hafið komi ekki til með að hafa teljandi áhrif á umhverfi og vistkerfi.

Framkvæmdin fer fram innan strandsjávarvatnshlotsins Stokkseyri að Þorlákshöfn (103-1341-C). Umhverfismarkmið vatnshlotsins eru að vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand þess skuli vera gott. Vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand vatnshlotsins er óflokkað. Að mati HMS er ólíklegt að fyrirhuguð framkvæmd komi til með að leiða til þess að vatnshlotið nái ekki umhverfismarkmiðum sínum. Framkvæmdaraðili mun engu að síður þurfa að leggja fram áhrifamat fyrir vatnshlot samhliða umsókn um leyfi.

Bent hefur verið á að sellátur landsels sé að finna austan og vestan Þorlákshafnar og að staða landselsstofnsins sé ekki góð. Nokkur fjarlægð er í sellátrín frá losunarstað en engu að síður telur HMS tilefni til þess að varúðar sé gætt við efnislosun, sér í lagi í maí og júní.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða HMS að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka

laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 20. júlí 2026.

Reykjavík, 19. júní 2026

Egill Þórarinnsson



Húsnæði
Mannvirki
Skipulag

Egill Þórarinnsson

Egill Þórarinnsson
Teymtastjórn, umhverfismat
Svið skipulags og umhverfismats

Undirritað með OneSign